

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. marz 1965.

Nr. 69/1963.

**Þórarinn Þórarinsson**

(Axel Kristjánsson hdl.)

**Jóhannes Sigurðsson og**

**Þorgrímur Guðjónsson**

(Árni Halldórsson hdl.)

gegn

**Hafsteini Sigurjónssyni**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

**og Hafsteinn Sigurjónsson**

gegn

**Jóni Bergsteinssyni**

(Eyjólfur K. Jónsson hrl.)

**Davíð Ólafssyni,**

(Guttormur Erlendsson hrl.),

**Þórarni Þórarinssyni,**

**Jóhannesi Sigurðssyni og**

**Þorgrími Guðjónssyni.**

**Dómendur:**

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson og Logi Einarsson, prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Línal og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi Þórarinn Þórarinsson hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1963. Krefst hann sýknu af kröfum áfrýjanda Hafsteins Sigurjónssonar og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Áfrýjandi Hafsteinn Sigurjónsson hefur, að fengnu áfrýj-

unarleyfi 14. september 1963, áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnum 18. september og 4. október 1963. Krefst hann þess, að hinum stefndu Jóni Bergsteinssyni og Davíð Ólafssyni og áfrýjendum Þórarni Þórarinssyni, Jóhannesi Sigurðssyni og Þorgrími Guðjónssyni verði dæmt in solidum að greiða honum kr. 327.186.70 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Guðjónsson hafa áfrýjað málinu með stefnu 10. október 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefjast þeir *ad allega* sýknu af kröfum áfrýjanda Hafsteins Sigurjónssonar og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefjast þeir, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar, að áfrýjanda Hafsteini verði dæmt að bera sjálfur meginhluta af tjóni sínu og að málskostnaður verði felldur niður fyrir báðum dómum.

Stefndi Jón Bergsteinsson krefst staðfestingar á þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að hann beri ekki bótaábyrgð af huglægum ástæðum og að hann verði einungis dæmdur in solidum með þeim Þórarni Þórarinssyni, Jóhannesi Sigurðssyni og Þorgrími Guðjónssyni, ef þeir verða dæmdir bótaskyldir, til greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem hæfileg verði metin, en verði hún ákveðin hærrí en í héraðsdómi, þá verði hann sýknaður af þeirri fjárhæð, sem umfram er. Hann gerir ekki kröfu um málskostnað.

Stefndi Davíð Ólafsson krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er hann varðar, og að áfrýjanda Hafsteini Sigurjónssyni verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. Hafa endurrit þeirra ásamt fleiri nýjum gögnum verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal nýjum tjónbótareikningum Guðjóns Hansens tryggingafræðings.

### I. Kröfur á hendur Davíð Ólafssyni.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sýknu stefnda Davíðs Ólafssonar af kröfum áfrýjanda Hafsteins Sigurjónssonar í máli þessu. Ákveða má, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður í þessum hluta sakarinnar.

### II. Kröfur á hendur Jóhannesi Sigurðssyni, Þorgrími Guðjónssyni og Þórarni Þórarinssyni.

Þeir áfrýjendurnir Jóhannes og Þorgrímur, sem báðir eru trésmiðir, reistu vinnupall þann við húsið nr. 26 við Hörgshlíð, sem um ræðir í málinu. Í héraðsdómi er lýst vanbúnaði þeim á vinnupallinum, sem leiddi til slyssins, bæði á hinu gallaða langbandi og óhæfilega löngu bili milli uppistöðustólpa við kjallaratröppurnar. Leggja ber fébótaábyrgð á þá Jóhannes og Þorgrím vegna tjóns áfrýjanda Hafsteins, er hlaut af vangæzlu þeirra við smiðina.

Áfrýjandi Þórarinn, sem fékk réttindi til að standa fyrir byggingum í Reykjavík hinn 23. apríl 1958, hafði tekið að sér eftir beiðni stefnda Davíðs að „stjórna trésmiðavinnu við bygginguna“. Hafði hann að eigin sögn „umsjón með uppsetningu umræddra vinnupalla“. Ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að hann hafi með vangæzlu um eftirlit með smiðinni bakað sér fébótaábyrgð á umræddu slysi.

Áfrýjandi Hafsteinn Sigurjónsson var 33 ára, er slysið bar að höndum. Hann hafði þá um undanfarin 2 ár unnið sem múraranemi hjá stefnda Jóni Bergsteinssyni. Þar sem hann var orðinn vanur slíkri vinnu og aðstæðum við hana, hefði hann átt að sjá, að ekki var tryggilega gengið frá vinnupallinum, að því er varðaði setningu og frágang á uppistöðustölpum við kjallaratröppurnar. Telst hann því ekki hafa sýnt næga aðgæzlu, er hann fór til starfans á vinnupallinum án þess að kvarta undan öryggisskortinum. Þykir því rétt, að hann beri sjálfur  $\frac{1}{5}$  hluta þess tjóns, er hann hlaut af slysinu, en að áfrýjendur Jóhannes, Þorgrímur og Þórarinn bæti honum in solidum  $\frac{4}{5}$  hluta þess.

Eins og lýst er í kröfugerð áfrýjanda Hafsteins hér að

framan, krefst hann hér fyrir dómi fébóta, að fjárhæð kr. 327.186.70. Sundurliðar hann kröfu þessa þannig:

1. Sérstakt vinnutjón, áætlað .....	kr. 30.350.00
2. Tímabundið og varanlegt örorkutjón ..	— 258.782.00
3. Bætur fyrir þjáningar og lýti .....	— 75.000.00
4. Örorkumat og bótaútreikningur .....	— 4.750.00

---

Kr. 368.882.00

Frá dregst:

Bætur frá Tryggingastofnun

ríkisins .....

34.195.30

Laun frá Jóni Bergsteinssyni

7.500.00

---

41.695.30 kr. 41.695.30

Kemur þá fram upphæðin .....

kr. 327.186.70

Verða nú kröfuliðir þessir teknir til athugunar.

**Um 1. kröfulið.** Í 2. kröfulið er krafizt bóta fyrir vinnutjón og örorku frá slysdegi. Fyrir því sérstaka vinnutjóni, sem í 1. kröfulið greinir, hefur ekki verið gerð nein viðhlitandi grein, og verður þessum lið kröfunnar því ekki sinnt.

**Um 2. kröfulið.** Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur af nýju reiknað með líkindatölum fjárhagstjón áfrýjanda Hafsteins. Er þá tekið tillit til þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, eftir að tryggingafræðingurinn gerði sams konar útreikning hinn 6. apríl 1962, eins og greint er í héraðsdómi. Hefur í hinum nýja útreikningi verið stuðzt við eftirlifendatöflur íslenzkra karla 1951—1960, og um úrtaksrannsókn á vinnutekjum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík hafa árin 1954—1963 verið lögð til grundvallar. Eru niðurstöðutölur tryggingafræðingsins, miðað við 3. marz 1965, þessar:

1. Ef útreikningurinn er miðaður við 6% ársvexti, nemur heildartjónið:

a. Miðað við dagvinnutekjur, kr. 200.729.00.

b. Miðað við meðaltekjur, kr. 258.782.00.

2. Ef miðað er við 7% ársvexti, nemur heildartjónið:

a. Miðað við dagvinnutekjur, kr. 179.968.00.

b. Miðað við meðaltekjur, kr. 231.727.00.

Með hliðsjón af líkindareikningum þessum og þegar liðið er til þess, að áfrýjandi Hafsteinn þarf hvorki að greiða tekjuskatt né útsvar af dæmdum fébótum, þá þykir tjón hans samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 145.000.00.

**Um 3. kröfulið.** Bætur samkvæmt þessum kröfulið eru hæfilega ákveðnar í héraðsdómi kr. 25.000.00.

**Um 4. kröfulið.** Við ákvörðun málskostnaðar verður tekið tillit til kostnaðar þess, sem hér greinir.

Samkvæmt framangreindu nemur tjón áfrýjanda Hafsteins kr. 145.000.00 + kr. 25.000.00, þ. e. kr. 170.000.00.

Frá dragast bætur frá Tryggingastofnun

rikisins ..... kr. 34.195.30

---

kr. 135.804.70

Frá dregst  $\frac{1}{3}$  hluti vegna eigin sakar .... — 27.160.94

---

Kr. 108.643.76

Frá dragast laun, greidd af Jóni Berg-

steinssyni ..... — 7.500.00

---

Fjárhæð þá, sem þá kemur fram ..... kr. 101.143.76

ber áfrýjendum Þórarni, Jóhannesi og Þorgrími að greiða in solidum áfrýjandanum Hafsteini Sigurjónssyni ásamt 6% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo ber þeim og að greiða áfrýjanda Hafsteini in solidum málskostnað í héraði, kr. 14.500.00, og málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn kr. 16.000.00.

### III. Kröfur á hendur Jóni Bergsteinssyni.

Áfrýjandi Hafsteinn hefur gert sömu kröfur á hendur stefnda Jóni Bergsteinssyni og þeim áfrýjendum Þórarni, Jóhannesi og Þorgrími. Hefur hann reist kröfur sínar á hendur stefnda Jóni á því, að hann, Hafsteinn, hafi verið nemandi Jóns, sem verið hafi múrarameistari við húsbýgginguna. Telur hann stefnda Jón bera af þeim sökum hlutlæga ábyrgð á tjóni því, er af slysinu leiddi. Stefndi Jón hefur ekki áfrýjað héraðsdóminum af sinni hálfu. Hefur hann með því orðið bundinn við að greiða bætur ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í héraðsdómi er dæmt, og verða aðrar ástæður til greiðsluskyldu hans ekki teknar hér til athugunar. Bætur ásamt vöxtum og málskostnaði samkvæmt héraðsdómi ber stefnda Jóni að greiða in solidum með áfrýjendunum Þórarni, Jóhannesi og Þorgrími, að því er tekur til fjárhæða þeirra, sem nefndum áfrýjendum er gert að greiða með dómi Hæstaréttar, að undanskildum málskostnaði fyrir Hæstarétti. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn, að því er varðar sök stefnda Jóns Bergsteinssonar, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, að því er til hans tekur.

#### Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda Davíðs Ólafssonar af kröfum áfrýjanda Hafsteins Sigurjónssonar á að vera óraskað. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er tekur til þessa hluta sakarinnar.

Staðfest er það ákvæði héraðsdóms, að stefndi Jón Bergsteinsson greiði áfrýjanda Hafsteini Sigurjónssyni kr. 113.304.70 ásamt vöxtum og málskostnaði, sem þar greinir, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er til hans tekur.

Áfrýjendur Þórarinn Þórarinsson, Jóhannes Sigurðs-

son og Þorgrímur Guðjónsson greiði áfrýjanda Hafsteini Sigurjónssyni kr. 101.143.76 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 14.500.00 í málskostnað í héraði. Fjárhæðir þessar greiði þeir in solidum ásamt stefnda Jóni Bergsteinssyni og sín á milli. Svo greiði þeir og in solidum áfrýjanda Hafsteini málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1963.**

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur Hafsteinn Sigurjónsson múrari, Kirkjuteig 7, Reykjavík, höfðað með stefnu, útgefinni 24. október 1960, gegn Jóni Bergsteinssyni múrara-meistara, Fjólugötu 19A, Þórarni Þórarinssyni húsasmíðameistara, Leifsgötu 27, og Davíð Ólafssyni fiskimálastjóra, Hörgshlíð 26, öllum hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 238.348.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 8. maí 1962, framhaldsstefndi stefnandi ofangreindum mönnum til greiðslu in solidum á kr. 41.308.00 til viðbótar fyrri stefnufjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Með sakaukastefnu, útgefinni 9. maí 1962, sakaukastefndi stefnandi þeim Jóhannesi Sigurðssyni, Fífuhvammi 29, Kópavogi, og Þorgrími Guðjónssyni, Laugarásvegi 75, Reykjavík, til greiðslu in solidum með frumstefndu og framhaldsstefndu á samtals kr. 279.656.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 238.348.00 frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 41.

308.00 frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, miðað við heildarstefnukröfu, að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndu hafa allir krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Til vara hefur stefndi Jón Bergsteinsson krafizt þess, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og skipt verði sök á tjóni stefnanda, enda málskostnaður þá látinn niður falla.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru þessir: Á árinu 1958 stóð stefndi Davíð Ólafsson í húsbýggingu á lóðinni nr. 26 við Hörgshlíð, hér í borg.

Múrarmeistari við bygginguna var stefndi Jón Bergsteinsson, og vann stefnandi hjá honum sem múraranemi.

Trésmíðameistari við húsið var upphaflega ráðinn Kristján Kristjánsson, en hjá honum unnu sem smiðir þeir stefndu Þórarinn Þórarinsson, Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Guðjónsson.

Kristján Kristjánsson trésmíðameistari andaðist 9. apríl 1958. Fór stefndi Davíð Ólafsson þess þá á leit við stefnda Þórarinn Þórarinsson, að hann tæki að sér hlutverk Kristjáns heitins, enda kvaðst hann þá hafa gengið út frá því, að Þórarinn hefði full réttindi til að standa fyrir byggingu húsa, án þess þó að það hafi verið rætt sértaklega.

Þórarinn tók nú að sér starfa þenna, þótt hann hefði eigi á þeim tíma réttindi til slíks. Kveður hann stjórn sína við trésmíðavinnuna hafa verið fölgna í því að hafa milligöngu um peningagreiðslur, skrifa vinnuskýrslur og koma til skila ýms- um sjóðsgreiðslum til Sveinafélags trésmíða.

Fyrir verk þetta fékk hann greidda 15% þóknun á öll greidd vinnulaun, og var það sama þóknun og Kristján heitinn hafði áður fengið.

Í júnímánuði 1958 var slegið upp vinnupöllum við húsið. Var notað í það mótatimbur hússins, nema í uppistöðurnar, þær fékk stefndi Davíð Ólafsson að láni annars staðar.

Stefndi Þórarinn mun ekki hafa unnið að sjálfri smíði pallanna, heldur eingöngu þeir stefndu Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Guðjónsson. Timbrið var þarna í kringum húsið, og telur Jóhannes, að þeir Þorgrímur hafi ýmist valið úr því í

sameiningu eða hvor í sínu lagi, en Þorgrímur kvaðst hins vegar ekki muna, hvernig timbrið var valið, sem notað var í pallana. Jóhannes kvað engan hafa haft umsjón með verki þessu, og í sama streng tók Þorgrímur.

Eins og fyrr segir, var smíði vinnupallanna lokið í júnímánuði 1958. Hins vegar munu þeir eigi hafa verið teknir í notkun í sambandi við múrhúðun hússins, fyrr en u.þ.b. 4 mánuðum síðar. Hinn 23. október 1958 voru þeir stefnandi og Jóhannes Bergsteinsson múrarameistari, bróðir stefnda, að negla rétt-skeiðar á suðausturhorn hússins og undirbúa múrhúðun þar. Þeir stóðu saman á neðsta vinnupallinum með létt verkfæri til afnota við undirbúningsstarfið, en eigi með neina steypublöndu á pallinum eða annan þunga.

Sem þeir félagar voru að þessum starfa, brotnaði skyndilega langband það, sem þeir stóðu á og næst var húsinu, og síðan hitt langbandið. Við þetta féllu báðir mennirnir niður í kjallaratröppur, sem voru þarna við húshornið. Fótbrotnaði stefnandi við fallið og var fluttur í sjúkrahús. Jóhannes meiddist hins vegar aðeins lítillega.

Tveir rannsóknarlögreglumenn fóru á vettvang eftir slysið og gerðu athuganir og mælingar. Samkvæmt þeim hefur fallið verið 2.35 m, en milli uppistöðustólpa þeirra, er langböndin voru negld á og stóðu sitt hvorum megin við kjallaratröppurnar, var u.þ.b. 3.90 m. Síðan segir svo í skýrslu rannsóknarlögreglunnar: „Langband þetta, sem þannig hafði brotnað, var úr óhefluðu borði, sex tommu breiðu og einnar tommu þykku, og mun vera venja að nota efni af slíkum styrkleika í svona langbönd í vinnuþöllum. En borð þetta, sem hér var um að ræða, virtist vera mjög kvistótt, og hafði það brotnað um tvo kvisti, sem báðir voru áberandi stórir og einnig með stuttu millibili og nálægt miðju burðarþoli þess.“

Í sóknarskjölum byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að hann telji vafalaust, að stefndu séu skaðabótaskyldir vegna slyssins.

Við munnlegan flutning málsins rökstuddi stefnandi kröfur sínar gagnvart hinum stefndu trésmiðum, Þórarni, Þorgrími og Jóhannesi, með því, að þeir bæru huglæga sök á slysinu, þar sem þeir hafi valið gallað efni í vinnupallana, svo og sakir þess, að smíði vinnupallsins hafi verið áfátt á þeim stað, er hann brast, þar sem of langt hafi þar verið á milli uppistöða hans.

Kröfur sínar gagnvart stefnda Jóni Bergsteinssyni byggði

stefnandi á því, að hann hafi borið hlutlæga ábyrgð á þeim aðstæðum, er stefnandi vann við, þá er slysið vildi til, og sé hann því einnig fébótaskyldur vegna slyssins.

En kröfur sínar gagnvart stefnda Davíð Ólafssyni reisir stefnandi á því, að hann hafi borið hlutlæga eigandaábyrgð á timbri því, er notað hafi verið í pallana, þess vegna sé hann líka bótaskyldur vegna slyssins.

Stefndi Þórarinn Þórarinsson reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki verið trésmiðameistari við bygginguna, er slysið varð, enda aldrei skrifað upp á teikningu af húsinu, og telur, að stjórn sín hafi eigi verið fólgin í öðru en því að halda vinnuskýrslur fyrir trésmiðina, taka við peningum frá húseiganda og greiða hverjum einum kaup eftir vinnuskýrslum, enda hafi hann fengið sérstaka þóknun fyrir þann starfa.

Sjálfur hafi hann ekki slegið upp pöllunum, heldur hafi það gert þeir félagar hans, Þorgrímur og Jóhannes.

Pöllunum hafi verið slegið upp í júnímánuði 1958 úr timbri, er húseigandi hafi lagt til, og hafi efnið verið lélegt, þá sé það því að kenna, að smiðunum hafi ekki verið fengið betra efni í hendur og þeir því neyðzt til að nota það. Pallarnir hafi síðan staðið ónotaðir í 4 mánuði, og þá teknir í notkun af múrunum, án þess að hugað væri að þeim sérstaklega. Telur Þórarinn þetta hafa haft í för með sér nokkra áhættu, þar sem sumarið hafi verið óvenju þurrkasamt, timbrið því þornað mikið og orðið stökkara.

Að endingu hefur Þórarinn haldið því fram, að óvarkárni stefnanda sjálfs megi um kenna, hvernig fór, enda sé ekkert upplýst um það, hvernig staðið hafi á því, að brot þessa eina langbands skyldi leiða til þess, að stefnandi féll.

Stefndu Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Sigurjónsson reisa sýknukröfur sínar á því, að þeir hafi enga ábyrgð borið á ágæti eða endingu þess efniviðar, er húseigandi hafi fengið þeim í hendur til smíði vinnupallanna, og þar sem slysið verði á engan hátt rakið til óforsvaranlegra vinnubragða þeirra við uppsetningu pallanna, eigi þeir enga sök á því, hvernig fór. Jafnframt benda þeir á, að stefnandi og húsbóndi hans hefðu átt sem múrurarar að athuga styrkleika pallanna, sem lengi hafi verið búnir að standa óhreyfðir, áður en þeir voru teknir í notkun við múrhúðun hússins.

Stefndi Jón Bergsteinsson styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi verið múrarameistari við húsið, trésmiða-

meistarar við húsið hafi fyrst verið Kristján Kristjánsson, en síðar stefndi Þórarinn Þórarinsson. Hafi verkaskipting verið skýrt afmörkuð milli þessara aðilja, þannig að hver hafi annazt sitt verk sjálfstætt í samráði við húseiganda, eins og alþekkt sé í byggingariðnaðinum. Trésmiðirnir hafi að öllu leyti séð sjálfir um uppsetningu vinnupallanna, eins og annað tréverk, en stefndi Jón Bergsteinsson hvergi komið þar nærri. Beri stefndi Þórarinn og félagar hans, eða eftir atvikum húseigandi, alla ábyrgð á frágangi þeirra. En að svo miklu leyti sem tjón stefnanda kunni að stafa af gölluðum frágangi vinnupallanna, þá sé það sér óviðkomandi, og beri hann þar ekki meiri sök en stefnandi sjálfur, er hafi verið vanur þessari vinnu og borið að sýna fyllstu aðgæzlu.

Þá mótmælir stefndi Jón Bergsteinsson því eindregið, að honum hafi sem múrarmeistara borið sérstök skylda til að prófa pallana, enda mundi vanræksla á slíku ekki leysa þann, sem smíðaði, undan ábyrgð á þeim galla, sem hér skiptir máli, og óvíst er, að fundizt hefði við slíka skoðun.

Að endingu bendir stefndi Jón Bergsteinsson á það, að dráttur sá, er kunni að hafa orðið á því, að pallarnir voru teknir í notkun, stafi ekki af atvikum, er hann varði, heldur húseiganda. Hins vegar verði ekki séð, að dráttur sá hafi skipt nokkru máli um orsakir að slysinu.

Stefndi Davíð Ólafsson byggir sýknukröfu sína á því, að stefndi Þórarinn Þórarinsson hafi haft umsjón með uppsetningu vinnupalls þess, er brotnaði og slysinu olli. Hann beri því fyrst og fremst ábyrgð á því, hvernig fór. Stefndi Jón Bergsteinsson hafi haft umsjón með múrverki hússins, og hafi því honum eða verkstjóra hans borið að fylgjast með því, að vinnupallurinn væri forsvaranlega gerður. Beri hann því einnig að nokkru leyti ábyrgð á slysinu. Stefndi Davíð kveðst hins vegar ekki á nokkurn hátt hafa fylgzt með framkvæmd verksins, og geti því ekki komið til mála, að hann beri ábyrgð á slysinu, enda hafi hann fengið fullgilda meistara til að standa fyrir byggingarframkvæmdum, sbr. dskj. nr. 30, þar sem þess er getið, að stefndi Þórarinn Þórarinsson hafi fengið réttindi til að standa fyrir byggingum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 23. apríl 1958.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda skiptir það engu máli, þótt nokkur tími hafi liðið, frá því vinnupallarnir voru reistir og þar til þeir voru teknir í notkun við múrhúðun hússins. Heldur verði slysið eingöngu rakið til hins gallaða borðs, er

notað var í pallinn, svo og þess, að smíði hans var áfátt, með því að of langt var á milli uppistöða á þeim stað, er hann brast.

Á þessu atriði eiga trésmiðirnir allir sök. Stefnu Jóhannes og Þorgrímur með því að vanda ekki betur val sitt á efnivið í pallana en raun varð á og stefndi Þórarinn trésmiðameistari við smíðina, þar sem hann virðist eigi hafa haft nægilegt eftirlit með smíðinni, er hann skilar af sér pöllunum með þeim byggingargalla, er þeir voru haldnir.

Stefndi Jón Bergsteinsson var sjálfstæður verktaki á einum þætti byggingar. Bar hann því sem atvinnuveitandi ábyrgð gagnvart starfsmönnum sínum á þeim tækjum og tilfæringum, er hann hafði tekið í notkun í atvinnurekstri sínum. Stefnandi var starfsmaður hans og nemandi, og verður að telja stefnda Jón bótaábyrgan gagnvart honum vegna slyssins, enda þótt honum verði eigi lagt það huglæggt til lasta.

Stefndi Davíð Ólafsson réð útlærða fagmenn með full réttindi til að standa fyrir verki þessu. Verður honum því ekki gefið að sök, hvernig fór, enda er það venja í byggingariðnaðinum, að mótatimbur sé notað í vinnupalla.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður hinum stefndu trésmiðum, Jóhannesi, Þórarni og Þorgrími, ásamt múrarameistararum, Jóni Bergsteinssyni, gert að bæta stefnanda in solidum allt það tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna slyssins, enda er ekkert fram komið í málinu um það, að stefnandi hafi sýnt af sér nokkra þá háttsemi, er leiði til sakarskiptingar.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi dómkröfu sína um kr. 5.000.00 og sundurliðaði hana þannig:

- |  |               |
|--|---------------|
| 1. Atvinnutjón .....                   | kr. 30.000.00 |
| 2. Örorkutjón samkvæmt útreikningi ..  | — 166.756.00  |
| 3. Bætur fyrir þjáningar og lýti ..... | — 75.000.00   |
| 4. Útreikningur tryggingafræðings .... | — 500.00      |

Verða nú hinir einstöku liðir teknir til athugunar.

*Um 1. og 2. lið.*

Rétt þykir að taka báða þessa liði til athugunar í einu lagi, þar sem 1. liðurinn er innifallinn í hinum síðari eftir útreikningi tryggingafræðings.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Slysavarðstofu Reykjavíkur, þar sem gert var að meiðslum hans. Í vottorði Hauks Kristjánssonar læknis, dags. 30/10 1958, er meiðslum stefnanda lýst svo:

„.... Við skoðun sást ca. 10 cm langt sár innan á hægra ökla, og virtist það ganga inn í liðinn. Malleolus externus er brotinn og dálítið disloceraður út á við.

Sárið er hreinsað og saumað, brotið reponerað. Gips sett á fótinn og sjúkl. lagður inn á slysavarðstofuna. Daginn eftir kvartaði hann um verk í baki, og var tekin mynd af því. Ekki sást þar nein fractur. Hann lá hér til 27/10 og leið þá sæmilega. Var sendur heim.“

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum nefnds slyss. Örorkumat læknisins er dagsett 20. marz 1962. Í upphafi matsins er vitnað í læknisvottorð Hauks Kristjánssonar læknis, dags. 15/2 1962, svohljóðandi:

„.... Hann hafði mikla verki í hægra fæti og gat ekki stigið í fótinn. Við skoðun kom í ljós, að neðan við malleolus internus var ca. 10 cm langur, hér um bil þverstæður skurður, og við nánari athugun á sárinu kom í ljós, að ligamentum delt. voru að nokkru skorin sundur, og var opið inn í lið og inn á sin. musc. tibialis post., án þess hún væri sködduð. Barmar sársins voru mjög tættir. Röntgenmyndir af öklanum sýndu lítið eitt skástætt brot í mall. externus upp frá talo-crurallið, og var distala beinstykkið örlítið gengið út á við, án þess þó að nokkur gliðnun væri sjáanleg í gafflinum um syndesmosuna. Sárið á öklanum var rækilega hreinsað og numinn burt dauður vefur. Síðan voru ligamentin saumuð með catgut, en húð með silki. Brotið var sett og fóturinn gipsaður. Maðurinn var svo lagður inn á slysavarðstofuna og látinn fá antibioticameðferð. Röntgenmyndir sýndu nú sæmilega stöðu á brotstaðnum.“

Samkvæmt fyrrgreindu vottorði, þá lá slasaði í slysavarðstofunni til 27/10, en lá síðan heima. Saumar voru teknir 5/11, og var þá sárið gróið að kalla, og hinn 15/11 var sett göngugips á fótinn og manningum leyft að ganga í fótinn. Hann hafði gipsumbúðir til 2/12, en síðan teygjuplastursumbúðir. Á þessum tíma kom hann oft til slysavarðstofunnar og kvartaði töluvert um óþægindi við gang, og nokkur bjúgur sótti á ökllan og fótinn. Hann var sendur í meðferð í æfingastöð fatlaðra og lamaðra 16/1 vegna óþæginda og stirðleika í öklanum.

Síðan segir orðrétt:

„Hinn 20/6 1959 hefur maðurinn ennþá allmiklar kvartanir. Bjúgur sígur á fótinn eftir gang og stöður. Hreyfingar í ökla eru oft sársaukafullar, og hann er dálítið haltur. Þrátt fyrir

langvarandi æfingameðferð eru hreyfingar um ökla allhindraðar, einkum dorsiflexio og í subtalarlið. Mikil þrýstingseymсли voru um mall. lateralis. Sjúklingur hafði byrjað að vinna 1/6, en taldi sig eiga erfitt með það.“

Slasaði kom síðast til skoðunar hjá Hauki Kristjánssyni 31/1 1962, og segir þar svo um kvartanir sjúklings:

„Hann kvaðst þá stöðugt fá verki við gang bæði utan og innan fótar og einnig aftan í hásin. Segir þreytuverk leggja upp eftir fætinum allt upp í mjóbak. Verður oft haltur, og bjúgur sigur á fótinn um daga, en rennur af um nætur. Segir fótinn mjög kulvísan.“

Um skoðun slasaða 31/1 1962 segir Haukur Kristjánsson svo:

„Stingur aðeins við á hægri fæti. Getur staðið á einum fæti og tábergi vinstri fótar, en ekki hægri fótar. Fætur nokkuð flatir og dálítið valgitet í öklum. Húðlitur og hiti á fætinum eðlilegt, nema hvað örlítill rauðleitur blettur er utan á malleolus ext., og virðist húðskyn minnkað þar. Enginn bjúgur er nú sjáanlegur. Ummál kálfa, þar sem þeir eru gildastir, hægri 37 cm, vinstri 38.5 cm, en ekki er hægt að segja, að um vöðva-veiklun sé að ræða. Hreyfingar í hnjám og mjöðmum eðlilegar. Hreyfingar í öklum með beinum hnjám og fætur í inversio: Dorsiflexio: Hægri 90—80°, vinstri 90—70°. Séu hné í 90° flexio, eykst dorsiflexion um ca. 5°. Plantarflexio með fætur í neutralstöðu mælast hægri megin 90—110°. Vinstra megin 90—120°. Hreyfingar í subtalarliðum mælast með ökla í 90° stöðu: Inversio hægri fótar 5°, vinstri fótar 10°. Eversio hægri fótar 5°, vinstri fótar 15°. Þar eð maðurinn er með talsvert flata fætur og áberandi rigid miðtarsalliði, er aductio-abductio vart mælanleg, en þó virðist hreyfisvið þeirra liða minna hægri megin. Hreyfisvið á tām hægri fótar er mjög takmarkað, miðað við vinstri fót, einkum er extensio á stórutá lítil og veikluð. Röntgenmyndir voru teknar af hægri öklalið á Landspítalanum hinn 20/1 1962, og segir svo í umsögn: „Nokkur missmíði á öklaðlið lateralt vegna gamallar fracturu í fibula. Þar er totumyndun á liðbrúnum neðst, einnig við malleolus medialis. Liðbilið samt ekki teljandi þrengt. Í liðbilinu medialt milli hliðarflatar á talus og malleolus medialis kemur fram beinkvörn, sem vafalítið er kölkun í ligamenti eftir avulsion. R. Diagnosis: Arthrosis talo-cruralis incip. dx.“

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum 12/3 1962. Hann skýrir frá tildrögum slyssins og meðferð, eins og lýst hefur

verið. Hann kveðst hafa verið frá vinnu 7 mánuði eftir slysið, hafa fyrst unnið hálfan dag í 1 mánuð, en síðan fulla vinnu. Hann kveðst eiga erfitt með mörg störf í iðn sinni, t. d. á hann erfitt með að liggja á hnjám, erfitt með gang í stigum og erfitt með að standa lengi á vinnupöllum. Kveðst þreytast fljótt við allan gang og fá mikinn sársauka í öklalið við að stíga á ójofnur. Hann kveður fótinn dofna upp í kulda. Töluverður þroti sækir á fótinn og öklann. Hann hefur notað innlegg næstum að staðaldri, síðan slysið varð.

Hann kveðst fyrir slysið ekki hafa haft nein óþægindi frá ganglimum.

Skoðun er í fullu samræmi við það, er fram kemur í vottorði Hauks Kristjánssonar hér að framan, nema hvað þess skal getið, að passivt hreyfisvið taa hægri fótur er mun meira en hið aktiva, þannig að hreyfingarhindrun verður ekki í grunnliðum táanna við gang.

*Ályktun:* Hér er um að ræða 37 ára gamlan múrara, sem slasaðist við vinnu sína fyrir 3½ ári, en þá var hann múrararnemi. Hann féll niður með vinnupalli á að gizka 5 metra hæð og hlaut áverka á hægri ökla.

Hann var frá vinnu vegna þessa meiðslis í nærri 7 mánuði, en hefur síðan unnið fulla vinnu. Eftir meiðslið hefur hann haft óþægindi í hægri ökla, stirðleika og verki í öklaliðnum, þreytu við gang og stöður, og þjúgur sækir á öklann.

Röntgenskoðun nú sýnir byrjandi liðslit í öklaliðnum, og verður að rekja það til slyssins.

Af þessum sökum verður að meta manninum varanlega örorku vegna meiðslisins 23. okt. 1958, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 3 mánuði . . . .	100%	örorka
- 3 — . . . .	75%	—
- 3 — . . . .	50%	—
- 6 — . . . .	25%	—
og síðan varanleg örorka 15%“.		

Með bréfi borgardómaraembættisins, dags. 2. júní 1962, var máli þessu vísað til Læknaráðs og beiðzt umsagnar um það, hvort um varanlega örorku væri að ræða hjá stefnanda af völdum slyssins, og, ef svo væri, þá hve mikla.

Í álitum Læknaráðs, dags. 15. ágúst 1962, var talið, að um varanlega örorku væri að ræða, og féllst ráðið á, að hún væri

hæfilega metin af Páli Sigurðssyni tryggingayfirlækni á 15%.

Á grundvelli örorkumats Páls Sigurðssonar tryggingayfirlækni hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út atvinnutjón stefnanda af völdum slyssins. Í útreikningi tryggingafræðingsins, sem dagsettur er 6. apríl 1962, er stefnandi sagður fæddur 18. marz 1925 og hefur því verið 33 ára að aldri, er slysið vildi til. Stefnandi var þá við múraranám, er hann lauk 15. júní 1960, en tók full laun múrarasveins frá 15. janúar 1960, þar sem hann lauk múraranámi á styttri tíma en tilskilið var í námssamningi.

Tryggingafræðingurinn tekur fram, að eigi sé unnt að styðjast við tekjur stefnanda fyrir slysið, þegar áætlun sé gerð um framtíðartekjur hans, þar sem hann hafi stundað nám. Hefur hann því reiknað út hið áætlaða vinnutekjutjón stefnanda með tvennum hætti.

Í fyrra tilvikinu hefur hann miðað árstekjurnar við dagvinnu-taxta múrara, en í því síðara við úrtaksrannsókn á vinnutekjum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík samkvæmt skattaframtölum fyrir starfsárin 1951—1958. Þá tekur tryggingafræðingurinn tillit til þeirrar 4% hækkunar, er koma skyldi til framkvæmdar 1. júní 1962 samkvæmt þágildandi samningum, og styðst enn fremur við reynslu árána 1951—1960 við útreikning meðaltekna. Þannig reiknast honum árstekjur múrarasveins vera sem hér segir:

	Miðað við dagvinnutekjur	Miðað við meðaltekjur
Okt. — nóv. 1958 .....	kr. 63.254.00	kr. 71.096.00
Des. 1958 — jan. 1959 .....	— 69.067.00	— 77.629.00
Febr. 1959 — júní 1961 .....	— 59.835.00	— 67.253.00
Júlí 1961 — maí 1962 .....	— 67.576.00	— 75.704.00
Frá 1. júní 1962 .....	— 70.249.00	— 78.733.00

Tryggingafræðingurinn hefur aðeins reiknað með 45% af ofangreindum tekjum á tímabilinu frá slysdegi til 15/7 1959, en 50% frá þeim degi til 15/1 1960, sbr. það, sem áður hefur verið rakið um námstíma stefnanda.

Þannig reiknað telst tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi, miðað við 6% töflur, vera sem hér segir:

	Miðað við dagvinnutekjur	Miðað við meðaltekjur
Vegna tímabundinnar örorku ..	kr. 19.191.00	kr. 21.571.00

Vegna varanlegrar örorku . . . . — 129.512.00 — 145.185.00

---

Samtals kr. 148.703.00 kr. 166.756.00

Þá hefur tryggingafræðingurinn einnig reiknað út atvinnu-  
tjónið, miðað við 7% töflur, og verða niðurstöðutölurnar þá  
þessar:

	Miðað við dagvinnutekjur	Miðað við meðaltekjur
Vegna tímabundinnar örorku ..	kr. 19.089.00	kr. 21.454.00
Vegna varanlegrar örorku . . . .	— 115.460.00	— 129.436.00

---

Samtals kr. 134.549.00 kr. 150.890.00

Við útreikning þenna hefur eigi verið reiknað með þeim greiðsl-  
um, er stefnandi hefur fengið hjá Tryggingastofnun ríkisins eða  
öðrum aðiljum vegna slyssins.

Eins og fyrr hefur verið rakið, hefur verið reiknað með 6%  
og 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöfl-  
um íslenzkra karla árin 1941—1950.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á útreikningi tryggingafræð-  
ingsins, miðað við meðaltekjur kvæntra iðnaðarmanna í Reykja-  
vík, sem rakið hefur verið hér að framan.

Stefndu hafa andmælt þessari kröfugerð sem allt of hárrí  
og krafizt þess, að við ákvörðun bóta þessara verði lagður til  
grundvallar útreikningur tryggingafræðingsins, miðað við dag-  
vinnutekjur og 7% töflur, en frá honum verði dregnar þær  
greiðslur, er stefnandi hafi þegar fengið greiddar vegna slyss-  
ins. Þá hafa þeir einnig krafizt þess, að fjárhæð þessi verði  
lækkuð enn frekar, þar sem bætur þessar séu undanþegnar opin-  
berum gjöldum svo og vegna þess hagræðis, sem stefnanda sé  
af því að fá þær greiddar í eitt skipti fyrir öll.

Við ákvörðun bóta þessara þykir að meginstefnu til rétt að  
leggja til grundvallar útreikning tryggingafræðingsins, miðaðan  
við meðaltekjur kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík, byggðan  
á 7% töflum. Þegar hafðar eru í huga framangreindar lækk-  
unarröksemdir stefndu, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar  
kr. 130.000.00.

Frá þessari fjárhæð ber að draga greiðslur þær, er stefnandi  
hefur þegar fengið greiddar, þ. e. kr. 34.195.30 hjá Trygginga-  
stofnun ríkisins og kr. 7.500.00 hjá stefnda Jóni Bergsteinssyni.  
Eftir standa þá kr. 88.304.70.

*Um 3. lið.*

Stefndu hafa andmælt þessum lið sem allt of háum. Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin. Þegar þetta er virt, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

*Um 4. lið.*

Liður þessi verður ásamt öðrum útgjaldaliðum hafður til hliðsjónar við ákvörðun málskostnaðar.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndu Þórarinn Þórarinsson, Jóhannes Sigurðsson, Þorgrímur Guðjónsson og Jón Bergsteinsson verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 113.304.70 með 6% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, enda breytti stefnandi vaxtakröfu sinni á þessa lund við munnlegan flutning málsins.

Eftir þessum málalyktum verður hinum sömu mönnum einnig gert að greiða stefnanda málskostnað in solidum, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.500.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum, Bárði Daníelssyni verkfræðingi og Kristni R. Sigurðssyni trésmíðameistara.

#### Dómsorð:

Stefndi Davíð Ólafsson á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Hafsteins Sigurjónssonar, í máli þessu, en málskostnaður gagnvart honum fellur niður.

Stefndu Jón Bergsteinsson, Þórarinn Þórarinsson, Jóhannes Sigurðsson og Þorgrímur Guðjónsson greiði stefnanda in solidum kr. 113.304.70 með 6% ársvöxtum frá 23. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 14.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.